Sölufulltrúar

Hrannar Helgason, hrannar@365.is 512 5441

Viðar Ingi Pétursson, vip@365.is 512 5426




## Áhugaverð sérfræðistörf hjá PCC BakkiSilicon

**Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag. Áætlað að gangsetning hefjist í desember 2017.**

**Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.**

**Núna leitum við að áhugasömum sérfræðingum til starfa.**

**Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum.**

### Áreiðanleikasérfræðingur – vélaverkfræðingur

Starfið felst í að fylgjast með viðhaldsgögnum og greina óeðlilegar tafir og bilanir. Skilgreina og kynna mögulegar lausnir til að auka áreiðanleika búnaðar. Stunda vettvangsrannsóknir vegna bilana og vandamála og veita tæknistuðning við flókin viðhaldsverk og bilanagreiningar. Fylgja öryggisreglum í hvívetna og styðja aðra í þeirri viðleitni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Vélaverk- eða tæknifræðingur eða hliðstætt
- Reynsla af vinnu í áreiðanleikamiðuðu umhverfi mikill kostur
- Reynsla af öryggismálum er nauðsynleg
- Góð kunnátta í ensku
- Mjög góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

### Rafmagnsverkfræðingur

Viðkomandi starfsmaður sér um rafmagnstæknimál verksmiðjunnar. Hann ber ábyrgð á að rafmagnsteikningar séu uppfærðar ásamt öðrum rafmagnstengdum tæknigögnum. Veitir tæknistuðning við flókin viðhaldsverk og bilanagreiningar ásamt náinni samvinnu við rafiðnaðarmenn verksmiðjunnar. Góð öryggisvitund er nauðsynleg.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rafmagnsverkfræði eða tæknifræðimenntun
- Þekking á Siemens sjálfvirknibúnaði er kostur
- Góð kunnátta í ensku
- Mjög góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

### Sérfræðingur í öryggismálum

Við leitum að einstaklingi með sterka öryggisvitund og brennandi áhuga á öryggismálum. Viðkomandi sérfræðingur vinnur náið með öllum starfsmönnum fyrirtækisins að því að skapa öfluga öryggismenningu. Í starfinu felst leiðsögn, eftirlit, fræðsla og gerð áhættugreininga í samvinnu við innri og ytri aðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af öryggismálum er nauðsynleg
- Góð kunnátta í ensku
- Mjög góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

### Sérfræðingur í innkaupum

Viðkomandi starfsmaður starfar á viðskiptasviði og meðal verkefna eru innkaup, birgðastýring, samskipti við flutningsaðila og innlenda og erlenda birgja ásamt vinnslu og eftirfylgni pantana. Gerð er krafa um góða greiningarhæfni og tölvukunnáttu ásamt mjög góðri samningatækni. Mikilvægur eiginleiki er óþreytandi áhugi á að lágmarka kostnað, hámarka gæði og tryggja hráefni til framleiðslunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og vörustjórnun
- Mjög góð samningahæfni
- Góð greiningarhæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mjög góð tölvu- og bókhaldskunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á rekstrarvörum í iðnaði kostur
- Rík þjónustulund ásamt vilja til árangurs

### Rafveitustjóri

Rafveitustjóri ber ábyrgð á að rafbúnaður verksmiðjunnar uppfylli kröfur um rafbúnað samkvæmt lögum og reglum þar um. Hann er ábyrgðarmaður rafveitu. Hann hefur eftirlit með framkvæmdum, viðhaldi og viðgerðum tengdum háspennu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði, iðnfræði eða meistararéttindi rafvirkja af sterkstraumssviði
- Uppfyllir kröfur Mannvirkjastofnunar sem gerðar eru til rafveitustjóra háspennu og hafi A-löggildingu
- Minnst tveggja ára reynsla við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja
- Reynsla frá framleiðslufyrirtæki eða stóriðju kostur

**Næsta haust verða tilbúin til afhendingar falleg parhús sem standa starfsmönnum fyrirtækisins til boða að leigja á sanngjörnu verði. Í fyrsta áfanga verða húsin 22 og nokkru seinna er gert ráð fyrir 20 parhúsum til viðbótar. Húsin eru byggð á mjög fallegu svæði í suðurhluta Húsavíkurbæjar með einstakt útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöllin. Stutt er yfir á golfvöll Húsavíkur auk þess eru mjög skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni svæðisins.**



Lind Einarsdóttir

pcc BakkiSilicon

FAST Ráðningar

**Hægt er að sækja um störfin á www.fastradningar.is og einnig er hægt að koma við á skrifstofu PCC BakkiSilicon á Húsavík og fylla þar út umsókn.**

**Allar nánari upplýsingar gefa Laufey Sigurðardóttir laufey.sigurdardottir@pcc.is sími 855-1051 og Lind Einarsdóttir lind@fastradningar.is sími 552-1606.**

**Umsóknarfrestur er til 14. maí nk.**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Spennandi starf á sviði fjármála og stefnumótunar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir eftir metnaðarfullum viðskiptafræðingi til að sinna fjármálum á málefnasviðum ráðuneytisins og taka þátt í stefnumótun. Starfið hentar drífandi einstaklingi sem kann vel við sig í annasömu og kröfuhörðu umhverfi. Starfið er á rekstrarsviði.

Umsóknarfrestur

**15. maí**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4935**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða annað sambærilegt nám.
- Starfsreynsla sem nýtist í ráðuneytinu.
- Góð greiningarhæfni.
- Mjög góð tölvufærni. Mikilvægt er að kunna á stór fjárhagskerfi og að vera mjög fær í Excel.
- Geta til að greina aðalatriði og miðla upplýsingum með skýrum og greinargóðum hætti.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Starfið krefst góðrar samskiptahæfni, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er nauðsynlegt. Góð enskukunnátta er skilyrði.

Rekstrarsvið annast rekstur og fjármál ráðuneytisins og leiðir stefnumótun á málefnasviðum þess. Í því felst gerð árlegrar fjármálaáætlunar og fjárlagagerðar, ákvörðun fjárveitinga og fjárhagsleg samskipti við stofnanir ráðuneytisins. Auk þess tekur rekstrarsvið virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefna á sviði umbóta, nýsköpunar og fræðslu innan sem utan ráðuneytisins.

Rekstrarsvið ber ábyrgð á mannauðsmálum ráðuneytisins og er leiðandi í þróun innri starfsemi þess.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Á rekstrarsviði eru 11 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 85 starfsmenn.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Utanríkisráðuneytið

# Verkefnastjóri í Malaví

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir verkefnastjóra til starfa í þróunarsamvinnu í Malaví. Starfið felst í stuðningi við héraðsstjórn Mangochi-héraðs í suðurhluta Malaví þar sem íslensk stjórnvöld styrkja verkefni í lýðheilsu-, vatns- og menntamálum, auk stjórnsýslu.
Starfsmaður vinnur undir stjórn forstöðumanns sendiráðsins í Lilongwe og er búsettur þar, en starfið krefst mikillar viðveru í Mangochi sem er 260 km fjarlægð frá Lilongwe. Ráðið verður til tveggja ára með möguleika á framlengingu og er reiknað með að starfsmaðurinn hefji störf eigi síðar en í september nk.

Umsóknarfrestur

**15. maí**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4918**

Starfssvið

- Verkefnastjórn og undirbúningur verkefna í þróunarsamvinnu.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Greinaskrif og skýrslugerðir.
- Samskipti við stjórnvöld, þar með talið héraðsstjórn.
- Samvinna og stuðningur við hagsmunasamtök, stofnanir og aðra haghafa.
- Aðstoð og ráðgjöf við forstöðumann sendiráðs Íslands í Lilongwe.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn og áætlanagerð.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Framúrskarandi enskukunnátta og góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Þekking á þróunarmálum og á að minnsta kosti einu af áherslusviðum Íslands í þróunarsamvinnu með Malaví.
- Þekking á stjórnsýslu og meðferð fjármuna og á helstu stjórntækjum í þeim efnum.
- Hæfni og lipurð í samskiptum og upplýsingamiðlun.
- Aðlögunarhæfni og geta til að starfa undir álagi.
- Reynsla af störfum í þróunarlöndum æskileg.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

geosea
GEOTHERMAL SEA BATHS

# Framkvæmdastjóri

Sjóböðin á Húsavík óska eftir öflugum framkvæmdastjóra til að leiða undirbúning og rekstur Sjóbaðanna. Stefnt er að því að Sjóböðin opni á vormánuðum 2018.

Umsóknarfrestur
**10. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4878**

Helstu verkefni
- Daglegur rekstur.
- Sölu- og markaðsmál.
- Starfsmannastjórnun.
- Samskipti við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Reynsla af markaðsmálum og sölu kostur.
- Reynsla úr ferðaþjónustu kostur.
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góðir samskiptahæfileikar og drifkraftur.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti skilyrði.

Sjóðböðin eru staðsett á Húsavíkurhöfða og eru böðin fyllt með heitum sjó sem kemur úr nærliggjandi borholum. Búið er að fjármagna framkvæmdir að fullu. Fyrirtækið er meðal annars í eigu Tækifæris, Norðursiglingar, Jarðbaðanna, Orkuveitu Húsavíkur og Dimmuborga.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

# Vilt þú vera í sterku liði?

Landhelgisgæsla Íslands leitar að reglusömum og nákvæmum einstaklingum með góða samskiptahæfileika í þrjú störf sem öll eru með aðal staðsetningu á starfsstöð Landhelgisgæslunnar í Keflavík.

Viðkomandi skulu vera sjálfstæðir í vinnubrögðum og hafa góða íslensku- og enskukunnáttu, góða almenna tölvukunnáttu og hafa gild ökuréttindi. Ítarlegri lýsingu á störfunum má nálgast á heimasíðu Capacent.

Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig skulu umsækjendur uppfylla skilyrði fyrir öryggisheimild samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012.

**GAGNAFULLTRÚI**
Gagnafulltrúi óskast í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins/LHG á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Um vaktavinnu er að ræða. Helstu verkefni eru loftrýmiseftirlit, stuðningur við loftrýmisgæslu og samskipti við stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4930**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Gott almennt nám tengt tæknimálum og/eða flugi.
- Grunnnám í flugumferðarstjórn, flugnám eða annað flugtengt nám er kostur.
- Góð tækniþekking og reynsla í tækniumhverfi æskileg.
- Geta til að vinna vaktavinnu.

**FULLTRÚI ÞJÁLFUNAR- OG GÆÐAMÁLA VARNARTENGDRA VERKEFNA**
Helstu verkefni eru umsjón og samræming þjálfunar starfsmanna vegna varnartengdra verkefna auk gæðaeftirlits. Meginstarfssvæðið er á Öryggissvæðunum á Keflavíkurflugvelli, ratsjár- og fjarskiptastöðvunum (Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi) og öðrum tengdum svæðum. Starfið krefst tilfallandi ferða á stöðvarnar.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4931**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla á sviði þjálfunar- og gæðamála.
- Fagmennska, skipulagshæfileikar og geta
- til að vinna sjálfstætt.
- Frumkvæði og geta til að vinna undir álagi.

**VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI ÁÆTLUNAR OG ÞRÓUNAR ÖRYGGISSVÆÐANNA, UMHVERFISMÁLA OG SVÆÐIS-SKIPULAGSMÁLA**
Leitað er að verkefnastjóra til að taka þátt í starfi við framtíðaruppbyggingu Öryggissvæðanna og samræmingu með þeim verkefnum. Í starfinu felst þátttaka í gerð og viðhaldi langtímaáætlunar um þróun, rekstur, uppbygginu og hagnýtingu Öryggissvæðanna. Auk þess sinnir viðkomandi umsjón með umhverfismálum Öryggissvæðanna og tekur þátt í svæðisskipulagsverkefnum.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4933**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla sem nýtist í starfi.
- Líkamleg geta til að starfa við erfiðar aðstæður.

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Einnig fer Landhelgisgæslan með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög nr. 34/2008, þ.m.t. er rekstur Öryggissvæða, mannvirkja, kerfa, stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins/LHG og ratsjár- og fjarskiptastöðva.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Umsóknarfrestur
**15. maí**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

## Skrifstofustarf í þjónustufyrirtæki

Rótgróið og traust þjónustufyrirtæki í Reykjavík vill ráða einstakling til ýmissa skrifstofuverkefna. Aðrir starfsmenn á skrifstofu eru í ráðgjöf, sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins, sem eru stærstu byggingaverktakar landsins. Viðkomandi fær góða kennslu og þjálfun í upphafi starfs.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Sjá nánari upplýsingar um starfið á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

*Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna með yfir 18.000 virka sjóðfélaga.*

*Sjóðurinn tók formlega til starfa 1. desember 2016 en hann varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á* ***www.birta.is***

## Þjónustufulltrúi

Birta lífeyrissjóður óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa. Verkefni felast einkum í innheimtu og skráningu iðgjalda ásamt almennri þjónustu.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þjónusta við sjóðfélaga og launagreiðendur
- Innheimta og skráning iðgjalda
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Íbúðalána sjóður

Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að þjóna íslensku samfélagi með veitingu stofnframlaga og lána, og greiningum á húsnæðismarkaði, til þess að stuðla að stöðugleika og auka möguleika almennings á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.

# Fulltrúi í innheimtudeild

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugan fulltrúa til starfa í innheimtudeild á viðskiptasviði. Meginverkefni viðskiptasviðs er þjónusta og upplýsingagjöf við nýja og núverandi viðskiptavini sjóðsins s.s. ráðgjöf vegna lánveitinga, gerð greiðslumats og lánsumsókna og aðstoð vegna greiðsluvanda.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Sending milliinnheimtubréfa, greiðsluáskorana og nauðungarsölubeiðna
- Gerð kröfulýsinga og sending skjala til stefnuvotta
- Skráning og eftirfylgni uppboðseigna
- Gerð leigusamninga og umsýsla leigu
- Vinnsla annarra umsókna og verkefna
- Samskipti við viðskiptavini vegna vanskila
- Þátttaka í verkefnum á viðskiptasviði s.s. þróun verk- og þjónustuferla

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Yfirgripsmikil starfsreynsla
- Þekking á innheimtumálum, lánamálum og greiðsluerfiðleikamálum er kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, hæfni til að koma með tillögur að úrbótum og vinna á lausnamiðaðan hátt
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Enskukunnátta til að geta leiðbeint erlendum viðskiptavinum
- Góð tölvukunnátta

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.**

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Smiðir óskast!

Upplýsingar sendist á netfangið
magnush@centrum.is
eða hafið samband í síma 8924547 / 8975547

**Magnús og Steingrímur ehf.**

---

**Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir eftirfarandi störf laust til umsóknar**

## Grunnskólinn á Hólmavík

GRUNNSKÓLINN HÓLMAVÍK

**Lausar stöður við Grunn- og tónskólann á Hólmavík skólaárið 2017-2018**

- **Staða íþróttakennara.**
  Um er að ræða kennslu og þjálfun í samstarfi skólans og íþróttahreyfingarinnar á svæðinu. Kennslugreinar: skólaíþróttir, sund, skólahreysti og þjálfun íþróttagreina.
- **Staða list- og verkgreinakennara.**
  Kennslugreinar: myndlist, smíði og textíl. Auglýst til eins árs.
- **Staða umsjónarkennara í unglingadeild.**
  Um er að ræða samkennslu í 8. – 10. bekk. Meðal kennslugreina: íslenska, enska, danska, samfélagsfræði. Auglýst til eins árs.
- **Staða tónlistarkennara.**
  Kennslugreinar: gítar, rafmagnsgítar, bassi og trommur.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

**Umsóknarfrestur er til 10. maí 2017.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3430, netfang skolastjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

---



LANDSNET

# RAFMÖGNUÐ STÖRF

Landsnet leitar að öflugum einstaklingum til starfa við rekstur og viðhald raforkuflutningskerfisins við starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri eða í Reykjavík. Um er að ræða fjölbreytt störf fyrir ábyrga einstaklinga við að tryggja örugga afhendingu rafmagns á Íslandi.

***Starfs- og ábyrgðarsvið***
- Rekstur og viðhald á rafbúnaði í tengivirkjum.
- Þátttaka í verkefnum vegna endurnýjunar og nýbygginga flutningsvirkja.
- Undirbúningur og frágangur verkefna á starfsstöð.

***Menntunar- og hæfniskröfur***
- Menntun í rafvirkjun, rafiðnfræði, rafmagnstæknifræði eða önnur sambærileg menntun.
- Sterk öryggisvitund.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Reynsla af miðlun upplýsinga í töluðu og rituðu máli.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2017. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Landsnets, **www.landsnet.is.**

***Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.*** Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Ásta Þorsteinsdóttir, sérfræðingur mannauðsmála og Valka Jónsdóttir, mannauðsstjóri, sími: 563-9300, netfang: **mannaudur@landsnet.is**.

***Um Landsnet***
Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

---

BAUHAUS®
Allt fyrir hús, heimili og garða

BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.

Opnunartími BAUHAUS er frá 8-19 og 10-18.

# BAUHAUS óskar eftir starfsfólki í málningardeild og bað- og flísadeild

Hjá BAUHAUS erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu. Til að mæta mikilli aukningu viðskiptavina í verslun leitum við nú að kröftugu starfsfólki til að slást í hópinn.

**Ef þú ert brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af sölustörfum, þá erum við að leita að þér.**

Störfin fela í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina.
Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og mikilli samskiptafærni.

Um er að ræði bæði fullt starf og hlutastörf.

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# FRAMKVÆMDASTJÓRI KVENNA- OG BARNASVIÐS

*Landspítali leitar að kraftmiklum og reyndum stjórnanda sem hefur brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og að framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn spítalans. Framkvæmdastjórinn er hluti af framkvæmdastjórn spítalans og heyrir beint undir forstjóra. Kvenna- og barnasvið rekur m.a. sérhæfðar dag- og göngudeildir kvenna, fæðingarþjónustu og Barnaspítala, þ.m.t. barna- og unglingageðdeildir og bráðamóttöku. Velta sviðsins er 5,5 milljarðar og stöðugildi eru um 450.*

*Starfshlutfall er 100% og veitist starfið 1. júlí 2017 eða eftir nánara samkomulagi. Ráðið er í starfið til 5 ára, sbr. 9.gr. laga nr. 40/2007 og stefnu Landspítala í ráðningum stjórnenda. Mögulegt er að sinna klínískri eða akademískri vinnu (10-20%) meðfram framkvæmdastjórastarfi.*

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2017.**
**Nánari upplýsingar er að finna á www.landspitali.is/mannaudur**

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

**UMHYGGJA · FAGMENNSKA · ÖRYGGI · FRAMÞRÓUN**

# Starfskraftur óskast

Bílaryðvörn Bílshöfða 5, 110 Rvk. óskar eftir starfskrafti á ryðvarnarverkstæði okkar sem fyrst.

Uppl. ásamt ferilsskrá sendist á jon@bilahollin.is eða í s: 664 8090.

Grunnskólinn Hellu
virðing - vinátta - víðsýni

## Grunnskólinn á Hellu auglýsir ! Kennarar

Okkur vantar áhugasama kennara til starfa á næsta skólaári. Meðal kennslugreina eru enska (sem hlutastarf) og list- og verkgreinar (hlutastarf í smíði, textíl og tónlist).

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans http://grhella.is/

**Vinsamlegast hafið samband við undirritaða og fáið frekari upplýsingar.**
**Sigurgeir Guðmundsson** skólastjóri
í síma 488 7021 / 894 8422
**Steinar Tómasson** aðstoðarskólastjóri
í síma 4887022 / 845 5893



# Kominn tími á breytingar?

## Iðnaðarmenn óskast til starfa hjá PCC BakkiSilicon

**Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag. Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017.**

**Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.**

**Núna leitum við að áhugasömum iðnaðarmönnum til starfa.**

**Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum.**

**Vélvirkjar**
Vélvirkjar sinna margvíslegu viðhaldi. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Vélvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

**Rafvirkjar**
Rafvirkjar sinna margvíslegum störfum í verksmiðjunni. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Rafvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

Lögð verður áhersla á áreiðanleika miðað viðhald (RCM), að nýta ástandsgreiningar og fyrirbyggjandi aðferðir til að lágmarka niðritíma á búnaði. Unnið verður eftir viðurkenndum aðferðum við skipulagningu á viðhaldinu. Fagmennska verður höfð í fyrirrúmi og er þetta tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingu. Iðnaðarmenn verða ráðnir til að hefja störf frá ágúst 2017.

Næsta haust verða tilbúin til afhendingar falleg parhús sem standa starfsmönnum fyrirtækisins til boða að leigja á sanngjörnu verði. Í fyrsta áfanga verða húsin 22 og nokkru seinna er gert ráð fyrir 20 parhúsum til viðbótar. Húsin eru byggð á mjög fallegu svæði í suðurhluta Húsavíkurbæjar með einstakt útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöllin. Stutt er yfir á golfvöll Húsavíkur auk þess eru mjög skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni svæðisins.



Lind Einarsdóttir

PCC BakkiSilicon

FAST Ráðningar

**Hægt er að sækja um störfin á www.fastradningar.is og einnig er hægt að koma við á skrifstofu PCC BakkiSilicon á Húsavík og fylla þar út umsókn.**

**Allar nánari upplýsingar gefa Laufey Sigurðardóttir laufey.sigurdardottir@pcc.is sími 855-1051 og Lind Einarsdóttir lind@fastradningar.is sími 552-1606.**

**Umsóknarfrestur er til 14. maí nk.**

# ÞG VERK

**www.tgverk.is**



**ÞG Verk óskar eftir smiðum, múrurum, kranamönnum, verkamönnum og handlöngurum til starfa. Mikill kostur ef hægt er að hefja störf sem fyrst.**

- Frábær starfsandi og starfsmannafélag
- Fyrsta flokks starfsmannaaðstaða
- Mjög góð verkefnastaða næstu árin
- Öruggt og traust fyrirtæki



**Tökum einnig á móti iðnnemum í fjölbreytt störf.**

- Víðtæk reynsla af öllum byggingarstigum
- Mikil þekking og öflug leiðsögn
- Tækifæri á að vinna sig upp innan fyrirtækisins
- Vönduð og örugg vinnuaðstaða

2016
Framúrskarandi fyrirtæki

**ÞG Verk - þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði síðan 1998**

Félagið er byggt upp á traustum grunni og hefur staðið af sér öll áföll í íslensku efnhagslífi sem og íslenskum byggingariðnaði og starfar enn á upprunalegri kennitölu. Markmið félagsins hefur ávallt verið að skila góðu verki til sinna viðskiptavina á íbúðamarkaði sem og útboðsmarkaði, að stunda traust og örugg viðskipti og uppfylla væntingar viðskiptavina.



Fasteignakaupendur og fjárfestar stórframkvæmda eiga að gera kröfu um framúrskarandi verkgæði, áreiðanleika og fagmennsku.



ÞG Verk hefur hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2016.

Vinsamlega sendið inn umsókn á www.tgverk.is / Hafa samband / Starfsumsókn

ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400

HEILSUGÆSLAN



## Sérfræðingur í tölvudeild
### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar 100% starf sérfræðings í tölvudeild Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Deildin heyrir undir svið fjármála og rekstrar sem staðsett er í Álfabakka 16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2017**

*Helstu verkefni og ábyrgð*

- Notendaumsjón fyrir notendur Sögu
- Skipulagning og vandamálagreining á Sögukerfinu
- Notendaþjónusta vegna farsíma og símkerfa
- Notendaþjónusta fyrir tölvukerfi lyfjakæla og tölvutengd lækningatæki
- Notendaþjónusta vegna starfsmannaaðgangs og öryggiskerfa
- Eftirlit með hugbúnaðarleyfum og tölvutækjabókhaldi
- Viðhald á gæðaskjölum Deildar rafrænnar þjónustu
- Útkallsþjónusta í neyðartilfellum utan vinnutíma
- Samskipti við sérfræðinga innan og utan stofnunar vegna tölvumála
- Námskeið og fræðsla fyrir notendur

*Hæfnikröfur*

- Viðeigandi háskólamenntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Góð fagleg hæfni og þekking á sjúkraskrárkerfinu Sögu er kostur
- Góð þekking á Microsoft notendahugbúnaði
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Góð undirstaða í notkun á upplýsingatækni og tölvubúnaði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar, rík þjónustulund og jákvætt hugafar
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð
- Brennandi áhugi á tölvum og tækni

Nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur Marinó Ingvarsson - 585 1385
gudmundur.marino.ingvarsson@heilsugaeslan.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Fræðagarðs. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

## Vélamenn óskast

Háfell ehf. jarðvinnuverktaki, óskar eftir vélamönnum til starfa.

**Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt ferilskrá á netfangið skarphedinn@hafell.is**

háfell – Við lifum á jörðinni!



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

**Atvinna**

**Launafl ehf óskar eftir að ráða blikksmið með sveinspróf eða aðila sem hefur unnið við blikkstörf í a.m.k. 3 ár.**

Góð laun í boði.

Nánari upplýsingar veitir
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á launafl@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

# Fjármálastjóri

HEKLA hf. óskar eftir að ráða kröftugan fjármálastjóra í lið framkvæmdastjórnar félagsins.

**Starfssvið**

- Fagleg fjármálastýring og ábyrgð á fjármálum og ferlum félagsins.
- Gerð ársreikninga, skattframtala, mánaðarlegra uppgjöra og daglegrar stýringar bókhalds.
- Yfirumsjón með gerð og eftirfylgni áætlana.
- Regluleg skýrslugerð til stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar.
- Samningagerð og samskipti við hagsmunaaðila; banka, birgja tryggingafélög o.s.frv.
- Greiningar og dagleg stýring á efnahagi félagsins.
- Stýring upplýsingatæknideildar.
- Áhættugreiningar.
- Önnur tilfallandi störf.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði fjármála-, viðskipta-, hagfræði eða sambærileg menntun.
- Þekking á lögum, reglum og kjarasamningum er varða daglega stýringu félaga.
- Reynsla af fjármálastýringu, rekstri og áætlanagerð.
- Góð þekking og reynsla í gerð reikningsskila, stjórnendaupplýsinga, ásamt greiningu á rekstrarafkomu sviða.
- Góð þekking á NAV og ferlum því tengdu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í rituðu og mæltu máli.
- Metnaður til að ná árangri í starfi og lausnamiðuð hugsun.
- Leiðtoga- og stjórnunareiginleikar.

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Upplýsingar um starfið gefur Bryndís Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum og ráðgjöf í síma 552 1600 eða 773 7400.
**Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2017.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga og ráðgjafar, www.talentradning.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF www.talentradning.is

HEKLA



Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa starfað við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að verða hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## VIÐSKIPTASTJÓRAR

Helstu verkefni eru stuðningur og dagleg samskipti við verslunar- og veitingaaðila, eftirlit og greiningar á rekstrar- og þjónustuárangri þeirra, samstarf við markaðsdeild um innleiðingu söluhvetjandi verkefna og sala og utanumhald viðbótarþjónustu. Við leitum að viðskiptastjórum með þekkingu á því hvað virkar hverju sinni í verslun og/eða veitingum og með vilja til að tryggja Íslendingum á ferðalagi og erlendum ferðamönnum um Keflavíkurflugvöll sem besta þjónustu.

Í boði eru **tvö spennandi framtíðarstörf** fyrir aðila sem hafa áhuga á verslun og veitingum og þjónustuþáttum hins vegar.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af gerð áætlana og úrvinnslu gagna
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Reynsla á sviði verslunar-/veitingareksturs er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Gunnhildur Vilbergsdóttir, deildarstjóri viðskiptasviðs, í netfanginu **gunnhildur.vilbergsdottir@isavia.is**.

## NÁMSBRAUTASTJÓRI

Helstu verkefni eru utanumhald faglegs skipulags þjálfunar á Flugstöðvarbraut í samstarfi við stjórnendur deilda og fræðslustjóra. Einnig umsjón, þróun og uppfærsla hæfnisviðmiða, námsefnis, kennsluleiðbeininga og hæfnismats. Námsbrautastjóri vinnur þjálfunardagatal og hefur yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd þjálfunar. Starfsmaður er hluti af fræðsluteymi á Mannauðssviði og tekur þátt í starfi þess.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, t.d. kennaramenntun
- Reynsla af kennslu og gerð námsefnis er nauðsynleg
- Reynsla af skipulagningu þjálfunar innan fyrirtækja er kostur
- Reynsla af skipulagningu fjarnáms og utanumhalds í fjarnámskerfi (Moodle) er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Gerður Pétursdóttir, fræðslustjóri, í netfanginu **gerdur.petursdottir@isavia.is**.

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR:
**14. MAÍ 2017**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

ISAVIA

# Óskum eftir að ráða vigtarmann í steypuframleiðslu félagsins á höfuðborgarsvæðinu.

Starfið fellst í daglegri framleiðslu á steypu og stýringu á útkeyrslu á steypubílum, almennri umsjón á vélbúnaði og umhirðu á honum.

Við leitum eftir duglegum og samviskusömum starfskrafti með a.m.k. lágmarks kunnáttu á tölvur þar sem öll stýring á framleiðslu fer í gegnum tölvubúnað. Áður en viðkomandi byrjar í nýju starfi fær hann viðeigandi þjálfun.

Um er að ræða framtíðarstarf, mikil vinna í boði.

Umsóknarfrestur er til 10.maí og áhugasamir sendi umsókn á alexander@steypustodin.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

STEYPUSTÖÐIN



# MARKAÐS- OG SÖLUSTARF HJÁ LÍKAMA OG LÍFSSTÍL

## Við leitum að hressum aðila í markaðs- og söluteymið okkar.

Um er að ræða hlutastarf, 30-50%.
Vinnutíminn er sveigjanlegur og skv. samkomulagi.

Við erum að leita að hressum aðila með brennandi áhuga á líkamsrækt og heilsueflingu. Við leitum að aðila með glaðlegt og hresst viðmót, sjálfstæð vinnubrögð, góða almenna tölvukunnáttu og góða þekkingu á samfélagsmiðlunum.

Starfið snýr að markaðssetningu og sölu á vörum Líkama og lífsstíls, en þar eru SCI-MX fæðubótarefnin mikilvægust.

Starfið snýst bæði um samskipti við viðskiptavini og söluaðila, ráðgjöf um notkun á vörunum í verslun okkar á Austurströnd á Seltjarnarnesi og almenna kynningu á vörunum á samfélagsmiðlunum.

**Umsóknir með ferilskrá og frekari fyrirspurnir sendist á sala@likamioglifsstill.is fyrir 7. maí.**

Líkami & Lífsstíll

Líkami og lífsstíll er umboðsaðili fyrir SCI-MX hágæða fæðubótarvörur og Zensah Compression sokka og hlífar auk þess að bjóða ýmsar aðrar vörur sem tengjast líkams- og heilsurækt.
Þá rekur fyrirtækið öfluga vefverslun með sama nafni.

fjs Fjársýsla ríkisins

# Fjársýsla ríkisins óskar eftir sérfræðingi á fjárreiðusvið

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Fjársýslan leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. Góður starfsandi, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi er í fyrirrúmi hjá Fjársýslunni.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.fjs.is

Fjársýsla ríkisins auglýsir lausa stöðu sérfræðings á fjárreiðusviði. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Fjárreiðusvið er nýtt svið innan Fjársýslunnar sem m.a. sinnir verkefnum sem áður heyrðu undir tekjusvið og ríkisfjárhirslu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Þjónusta við notendur innheimtukerfa
Uppgjör og afstemmingar
Þróun og umsjón með rekstri innheimtukerfa
Þátttaka í gerð leiðbeininga og kennslu
Önnur verkefni í samráði við forstöðumann

**Hæfnikröfur**
Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærileg háskólamenntun
Góð kunnátta á Excel
Góð íslenskukunnátta
Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
Góð þekking á upplýsingatæknimálum er æskileg

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með **15.05.2017**.
Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%

**Nánari upplýsingar veita**
Þorvaldur Steinarsson - thorvaldur.steinarsson@fjs.is - 545-7500
Pétur Ólafur Einarsson - petur.einarsson@fjs.is- 545-7500

Stólpi ehf

# Smiðir óskast

Stólpi ehf. er traust og rótgróið fyrirtæki sem býður gott starfsumhverfi og sinnir fjölbreyttum verkefnum.
Við leitum að smiðum með reynslu, helst á aldrinum 35-50 ára,til framtíðarstarfa.
Einnig kemur til greina að ráða samsett teymi.

Vinsamlegast hafið samband með tölvupósti (fridrik@stolpiehf.is) eða í síma 824 6166

# Sæferðir í Stykkishólmi óska eftir skipstjórnarmanni og vélstjórum til starfa.

**Eftirfarandi stöður í boði:**

**Yfirstýrimaður á Breiðafjarðarferjunni Baldri frá 1.júní til 31.ágúst 2017.**

**Kröfur um réttindi:**
- Viðkomandi þarf að hafa alþjóðlegt skipstjórnarskírteini: STCW II/2 (Yfirstýrimaður 3000bt og minna)
- Gott væri ef viðkomandi hefði lokið Hóp og neyðarstjórnunar námskeiði
- Um er að ræða frekar mikla vinnu þar sem annar Yfirstýrimaðurinn verður í fæðingarorlofi hluta af tímabilinu.

**Yfirvélstjóri á Breiðafjarðarferjunni Baldri ein föst staða og ein afleysingarstaða sumar 2017.**

**Kröfur um réttindi:**
- Viðkomandi þarf að hafa alþjóðlegt vélstjórnarskírteini: STCW II/3 (Yfirvélstjóri 3000kw og minna)

**Allar umsóknir verða að berast skriflega á póstfangið baldurbru@eimskip.is**

**Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 852-2220**

# Ferðamálafélag A-Hún auglýsir eftir ferðamálafulltrúa

Ferðamálafélag Austur-Húnavatnssýslu auglýsir stöðu ferðamálafulltrúa lausa til umsóknar.
**Starfssvið:**
- o Í starfinu felst meðal annars:
  - Umsjón og rekstur upplýsingamiðstöðvar í Austur-Húnavatnssýslu.
  - Vinna við stefnumótun og markaðssetningu ferðamála á svæðinu í samráði við Ferðamálafélag Austur-Húnavatnssýslu og aðra samstarfsaðila.
  - Vinna að ferðamálatengdum verkefnum, auk annarra fjölbreytilegra verkefna.
- o Starfsaðstaða er m.a. í húsnæði Þekkingarsetursins á Blönduósi.
- o Þess er vænst að væntanlegur Ferðamálafulltrúi búi á starfssvæði Ferðamálafélags Austur Húnavatnssýslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og reynsla á sviði ferðamála (háskólapróf kostur)
- Reynsla af markaðssetningu æskileg
- Reynsla af verkefnastjórn æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni er mikilvæg
- Leiðtogahæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er mikilvæg

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.**

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir
Edda Brynleifsdóttir, formaður Ferðamálafélags A-Hún, í s: 862-0474 alla virka daga frá kl.10-16.

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi á netfangið ferdahun@gmail.com.

## Útkeyrsla og áfylling

**Heildverslun með snyrtivörur, hárvörur o.fl. óskar eftir starfsmanni í hlutastarf.**

Starfið felst í útkeyrslu, samantekt vara á lager og áfyllingu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta nauðsynleg og þarf að sjálfsögðu að hafa bílpróf.

Við leitum að þjónustulunduðum, samviskusömum og jákvæðum einstaklingi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til box@frett.is merkt „Heildverslun" fyrir 7. maí 2017**

## STEYPUBÍLSTJÓRAR
## ÓSKAST TIL STARFA

Steypustöðin ehf. á Selfossi óskar eftir að ráða bílstjóra á steypubíla til starfa.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.
Um er að ræða bæði tímabundin störf og framtíðarstörf.

**Umsóknarfrestur er til 15. maí 2017**

Umsókum skal skilað til Gunnlaugs Helgasonar stöðvarstjóra á Selfossi á netfangið gunnlaugurh@steypustodin.is.

Frekar upplýsingar gefur Gunnlaugur Helgason í síma 825 0672
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

STEYPUSTÖÐIN

HJARTAVERND

## Móttökuritari

**Hjartavernd óskar eftir móttökuritara í 60% starf.**

Vinnutími er mánudaga frá kl. 7:45 - 16:00 og þriðjudaga – föstudaga kl. 12:00 – 16:00.
Starfið fellst að mestu leyti í almennri móttöku, símavörslu, bókunum, taka á móti greiðslu og uppgjöri.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. maí.**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil.

Umsókn sendist í Hjartavernd, Holtasmára 1, 201 Kópavogur, merkt Atvinna eða á netfangið atvinna@hjarta.is .

Umsjón með ráðningu hefur Jóhanna Eyrún Sverrisdóttir, sviðstjóri rannsókna, johanna@hjarta.is síma 5351800

RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA



## VERKEFNASTJÓRI VIÐ BORFRAMKVÆMDIR

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða óska eftir að ráða verkefnastjóra við borframkvæmdir. Verkefnastjóri hefur umsjón með áætlanagerð, undirbúningi og hönnun borverka ásamt því að annast verkefnastjórn við borframkvæmdir. Starfsstöð verkefnastjóra er á Selfossi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Verkefnastjórn við borframkvæmdir
- Eftirlit með framvindu verkefna og framvinduskýrslur
- Undirbúningur og gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Undirbúningur verksamninga, eftirlit með framkvæmd og uppgjör samninga
- Verkefnaöflun og gerð viðhaldsáætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða í verk- eða tæknifræði
- Minnst 3 ára starfsreynsla við verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri
- Geta til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins

**Upplýsingar um starfið veitir Steinn Leó Sveinsson, framkvæmdastjóri í síma 860 2054 eða í steinn@raekto.is.**
**Umsóknarfrestur er til 15. maí næstkomandi.**

**Ræktunarsamband Flóa og Skeiða | Gagnheiði 35 | 800 Selfossi | Sími 480 8500 | raekto.is**

## Opportunities at Tern Systems

We seek motivated and skilled individuals on both domestic and foreign projects for the following positions:

### TEST ENGINEER

**MINIMUM QUALIFICATIONS INCLUDE:**
- Experience in implementing effective test procedures
- Excellent problem solving skills
- Ability to work in a collaborative, team oriented environment
- Strong verbal and written communication skills
- Ability to coordinate and plan software test activities
- Able to execute acceptance tests onsite

**PREFERRED QUALIFICATIONS INCLUDE:**
- Working knowledge of Linux, familiar with Linux command line
- 3+ years in software testing
- University degree in a technical field or equivalent
- ISTQB certification or equivalent preferred

### SOFTWARE ENGINEER

**MINIMUM QUALIFICATIONS INCLUDE:**
- BSc or higher education in Computer Science or related technical field
- Strong object oriented programming skills, ideally with C/C++, Java or C#
- +3 years work experience in software development
- Ability to work in a collaborative, team oriented environment

**PREFERRED QUALIFICATIONS INCLUDE:**
- Experience with Linux
- Excellent problem solving skills
- Design and analysis experience
- Software unit testing experience
- Experience in service oriented architecture

**Tern Systems** provides mission critical Air Traffic Management solutions for customers in Europe, Africa and Asia. For further information contact Tómas Davíð Þorsteinsson, Director of Administration of Tern Systems, on 525-0500 or at tomas@tern.is. All applications shall be sent to jobs@tern.is before 12th of May, 2017. For more information see **www.tern.is.**

Tern Systems

# VÖRUSTJÓRI Í ELKO

Við erum að leita að sjálfstæðum og öflugum einstaklingi í starf vörustjóra í ELKO. Starfið felur í sér innkaup á raftækjum og tengdum vörum, vörustýringu og gerð herferða. Starfsmaður mun stýra innkaupum á völdum vöruflokkum í ELKO. Staðan er ný og er búist við að starfsmaður þrói starfið í samráði við næsta yfirmann.
Starfsmaður mun vinna með öflugu teymi af vörustjórum með samtals 40 ára starfsreynslu.

## STARFSLÝSING OG HELSTU VERKEFNI

- Gerð og eftirfylgni söluáætlana
- Innkaup, verðlagning og vörustýring
- Ákvörðun vöruvals verslana
- Skipulag á herferðum
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja

## HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af innkaupum og verslunarstörfum
- Góð þekking á raftækjum og tækninýjungum
- Góð þekking á Excel er skilyrði
- Góð þekking á NAV er æskileg
- Jákvætt viðmót, sveigjanleiki og lausnarmiðuð hegðun
- Aldurslágmark 25 ár

Umsóknarfrestur er til 7. maí
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sótt er um starfið á www.elko.is/storf
Nánari upplýsingar veitir ottar@elko.is

ELKO

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Sumarstörf

Við leitum að traustu og hressu fólki til starfa í sumar. Um er að ræða fjölbreytta og skemmtilega vinnu. Félagið hefur að geyma framsækinn starfsmannahóp og góðan starfsanda sem skilar sér í faglegu og metnaðarfullu starfi. Ás styrktarfélag er öflugt félag, byggt á gömlum og traustum grunni í þjónustu við fólk með fötlun.

Óskað er eftir starfsfólki í vaktavinnu á heimili á vegum félagsins. Um er að ræða hlutastörf í 30-85% stöðu - gildum. Vinnutími er á kvöldin, aðra hvora helgi og einnig vantar næturvaktir. Heimilin eru í Reykjavík, Hafnafirði og Kópavogi.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is. Nánari upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir mannauðsstjóri í síma 414-0500, netfang erna@styrktarfelag.is.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.





EFLA

# EFLA leitar að bókara

**Bókari í reikningshald, verkbókhald og reikningagerð**

EFLA leitar að öflugum starfsmanni á rekstarsvið fyrirtækisins. Starfið felur í sér vinnu við fjárhagsbókhald, reikningagerð, verkbókhald, afstemmingar og önnur störf er snúa að bókhaldi. Starfið krefst nákvæmni og sjálfstæðra vinnubragða sem og hæfni til að starfa í hóp.

**Hæfniskröfur:**

- Viðurkenndur bókari og/eða hagnýt reynsla af bókhaldsstörfum
- Haldgóð þekking á fjárhagsbókhaldi
- Góð þekking í Navision
- Góð þekking í Microsoft Excel
- Nákvæm vinnubrögð og vandvirkni
- Þjónustulipurð og samstarfshæfni

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 12. maí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
12. maí 2017

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhenta starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Netsérfræðingur

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða netsérfræðing til starfa í tölvudeild sveitarfélagsins.

**Starfssvið:**

- Netsérfræðingur sér um daglegan rekstur á Layer2/3 netskiptum, þráðlausum kerfum og eldvegg sveitarfélagsins ásamt uppbyggingu og endurnýjun kerfisins.
- Sveitarfélagið rekur sitt eigið ljósleiðarakerfi sem er byggt m.m upp á Cisco netbúnaði, viðkomandi starfsmaður mun hafa yfirsýn og tillögurétt um uppbyggingu á kerfinu.
- Almenn störf á tölvudeild.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af rekstri netkerfa er skilyrði og CCNA gráða er kostur.
- Reynsla af Ruckus og Sonicwall er kostur.
- Viðkomandi þarf að geta unnið í hóp en einnig sjálfstætt.
- Þekking á Cisco/Broadsoft VoIP lausnum er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfið hæfir jafnt körlum sem konum.
Framundan eru miklar breytingar og viðhaldsvinna á sviði tölvumála og er mikilvægt að tölvudeildin vinni saman að þeim breytingum. Öll netþjónusta og öryggismál eru ört vaxandi þáttur í þjónustu tölvudeildar og má segja að það séu spennandi tímar framundan.
Framtíðarsýn Selfossveitna er sú að netvæða alla vatns- og hitaveitumæla og því verður allur aflestur rafrænn. Hjá Selfossveitum og Vatnsveitu Árborgar eru vatnsöflunarsvæði og dælustöðvar sem eru með sérhæfðum nettengingum. Þá er horft til þess að götulýsing verði nettengd og henni stjórnað miðlægt, orkueftirlit í fasteignum er að ryðja sér til rúms og svona mætti lengi telja.

Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi samfélag, sem saman stendur af Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýli. Skólar og leikskólar eru í öllum þéttbýliskjörnum, um er að ræða barnvænt samfélag með allri þeirri þjónustu hugsast getur.

Umsóknarfrestur til 15. maí næstkomandi. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Kristins Grétars Harðarsonar, yfirmanns tölvumála kristinn.hardarson@arborg.is, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480-1900.

Tölvudeild ÁRBORGAR

ACE HANDLING

## Aðstoðarmaður rekstrarstjóra

**ACE Handling óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan aðila til að aðstoða rekstrarstjóra á Keflavíkurflugvelli.**

Starfið felur í sér umsjón með afgreiðslu á flugvélum í áætlunarflugi og einkaflugi, samskipti við viðskiptavini og starfsfólk, áætlunargerðir og vaktarskrár og önnur tilfallandi verkefni.

Umsækjendur þurfa að hafa framúrskarandi enskukunnáttu og samskiptahæfni. Menntun í viðskiptafræði og reynsla í flugheiminum er kostur. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsókn skal senda á netfangið: **jobs@acefbo.com**

» **Ráðningarþjónusta**

## Verkfræðingur/Tæknifræðingur

Gamalgróin meðalstór verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing/tæknifræðing til starfa. Um fullt starf er að ræða.

Starfið felst í hönnun burðarvirkis, og eða lagna og loftræstingar ásamt eftirliti.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Spennandi störf laus
## til umsóknar á Akranesi



### Starf félagsráðgjafa á velferðar- og mannréttindasviði

**Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar auglýsir laust til umsóknar starf félagsráðgjafa með megináherslu á barnavernd.** Umsækjendur með aðra háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda koma einnig til greina við ráðningu. Um er að ræða nýtt 100% starf sem felst í að sinna verkefnum innan félagsþjónustu sveitarfélagsins, m.a. vinnsla og meðferð barnaverndarmála, félagsleg ráðgjöf og bakvaktir í barnavernd.

### Starf verkefnastjóra sýningar

**Byggðasafnið í Görðum á Akranesi auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra sýningar.**
Um er að ræða nýtt starf sem felst í stjórnun á verkefninu Ný grunnsýning, en safnið gerir ráð fyrir að opna nýja grunnsýningu á afmælisári safnsins árið 2019. Starfshlutfall er samkomulagsatriði en þó á bilinu 75-100% og starfstími 1 ár með möguleika á framlengingu.

### Starf verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði

**Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra.** Sviðið sinnir m.a. stefnumótun, eftirliti og ráðgjöf við stjórnendur í leik- og grunnskólum, tónlistarskóla og íþrótta- og æskulýðsstarfi, auk umsjón með starfsemi skólaþjónustu og dagforeldra. Um er að ræða nýtt 100% starf sem felst m.a. í að sinna stuðningi við nýbreytni- og þróunarstarf, ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn og þátttaka í þverfaglegu samtarfi.

### Starf sálfræðings á skóla- og frístundasviði

**Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar auglýsir laust til umsóknar starf sálfræðings við skólaþjónustu skóla- og frístundasviðs.** Skólaþjónusta skóla- og frístundasviðs starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 584/2010. Starfsmenn skólaþjónustu eru sálfræðingar, talmeinafræðingur og iðjuþjálfi. Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustunnar ásamt samstarfi við kennara í leik- og grunnskólum, sérkennara, almennt starfsfólk, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa. Starfsstöð sálfræðingsins er í Grundaskóla.

### Störf í grunn- og leikskólum

**Grundaskóli**
- Deildarstjóri frístundar
- Íþróttakennari
- Umsjónakennarar

**Brekkubæjarskóli**
- Umsjónakennarar
- Starf kennara, þroskaþjálfa eða iðjuþjálfa í sérdeild

**Leikskólinn Akrasel**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður á deild

**Leikskólinn Teigasel**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður á deild

**Leikskólinn Vallarsel**
- Deildarstjóri

**Leikskólinn Garðasel**
- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar um hæfni- og menntunarkröfur og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Akraneskaupstaðar, www.akranes.is. Með vísan til laga um jafnan rétt kynjanna eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um störfin.

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.




**Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.**

Akraneskaupstaður



# Atvinnutækifæri

## Vaktstjórar óskast

**Krónan leitar eftir áreiðanlegum vaktstjórum til starfa í eftirtöldum búðum:**
Hamraborg, Mosfellsbæ, Granda, Jafnasel og Árbær

Góð laun eru í boði fyrir réttan einstakling. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

**Starfslýsing**

- Þjónusta við viðskiptavini
- Verkstjórnun og þjálfun starfsfólks
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Undirbúningur og framkvæmd vikutilboða
- Staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans
- Almenn verslunarstörf

**Starfslýsing**

- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Aldurstakmark er 18 ára
- Hreint sakarvottorð

**Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2017**

Sótt er um starfið á www.kronan.is
Nánari upplýsingar gefur Ólafur Rúnar svæðisstjóri í olafur@kronan.is

KRÓNAN

Vélsmiðjan Sveinn ehf

Flugumýri 6 · 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6705 / 896 1705
Fax 566 7726

Netfang: velsveinn@velsveinn.is
www.velsveinn.is

## BIFVÉLAVIRKI – JÁRNSMIÐUR

Vélsmiðjan Sveinn óskar eftir að ráða bifvélavirkja í fullt starf, einnig Járnsmið. Upplýsingar í síma **566-6705** og **896-1705** eða *velsveinn@velsveinn.is*



## Lausar stöður í Laugargerðisskóla Eyja- og Miklaholtshrepp

**Grunnskólakennari óskast í 100% starf í Laugargerðisskóla**

Hluti af starfinu er íþróttakennsla þar með talin sundkennsla. Laugargerðisskóli er lítill skóli þar sem samkennsla er mikil. Kennarinn þarf að geta kennt sem flestar námsgreinar og vera tilbúinn í samstarf. Skólinn er heilsueflandi skóli á grænni grein og vinnur eftir stefnunni Jákvæður agi.

**Leikskólakennari óskast til starfa á leikskóladeild Laugargerðisskóla.**

Starfað er í nánu samstarfi við grunnskólann undir stjórn skólastjóra Laugargerðisskóla. Starfshlutfallið er 80% unnið 4 daga vikunnar.
Starfstíminn er frá 15. ágúst -31.maí ár hvert.

**Tónmenntakennari óskast til starfa í 40% starf.**

Mesti hluti starfsins er kennsla á hljóðfæri sem nemendur velja sér. Auk þess eru 3-4 tímar almenn tónmenntakennsla í leik og grunnskóla. Starfað er í nánu samstarfi við grunnskólann undir stjórn skólastjóra Laugargerðisskóla.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi hvers stéttarfélags. Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist til Kristínar Bjarkar Guðmundsdóttur skólastjóra á laugarg@ismennt.is, hreint sakavottorð þarf að fylgja.
Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 4356600 eða 8944600
**Umsóknarfrestur er til 21 maí.**

# Lead UX Specialist

We are looking for an experienced and talented Lead UX Specialist to shape a vision for our products and user experience. The ideal candidate will be able to develop and oversee the company's overall visual presence and user experience.

RESPONSIBILITIES:

- Oversee company overall design roadmap
- Collaborate closely with development teams and business stakeholders
- Create wireframes, mockups, style guides and user flows
- Make deliberate design decisions
- Continually keep yourself updated with industry developments and standards

REQUIREMENTS:

- Five or more years of experience. University degree in computer science or equivalent technical field, and a degree in design
- Ability to effectively communicate your ideas
- Experience using tools such as Photoshop, Illustrator, InVision, UXPin and Adobe XD
- Understanding of basic front-end languages: HTML5, CSS3 and Javascript

**Tern Systems** provides mission critical Air Traffic Management solutions for customers in Europe, Africa and Asia.

For further information contact Tómas Davíð Þorsteinsson, Director of Administration of Tern Systems, on 525-0500 or at tomas@tern.is. All applications shall be sent to jobs@tern.is before 12th of May, 2017.

For more information see **www.tern.is.**

Tern Systems




RÍKISENDURSKOÐUN

## Sérfræðingur á stjórnsýslusviði

Ríkisendurskoðun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á stjórnsýslusviði stofnunarinnar. Á sviðinu starfar fólk með margvíslega menntun. Meginviðfangsefni þess eru stjórnsýsluúttektir, þ.e. að meta frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Einkum er horft til þess hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur reynslu af úttektarvinnu og skýrslugerð, er mjög vel ritfær, vandvirkur og með góða greiningar- og ályktunarhæfni.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starf sérfræðings felst í úttektavinnu og skýrslugerð auk almennrar þátttöku í innra starfi sviðsins. Hann starfar sjálfstætt að verkefnum sínum í samræmi við gæðakröfur stjórnsýslusviðs og starfsáætlanir og þarf að geta leitt þau til lykta í samvinnu við sviðsstjóra / deildarstjóra.

**Hæfnikröfur**
- Háskólamenntun (meistarapróf) sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við úttektir / skýrslugerð
- Þekking á ríkisrekstri og opinberri stjórnsýslu
- Samviskusemi, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Færni í greiningu, úrvinnslu og miðlun tölulegra gagna
- Mjög góð kunnátta í íslensku og geta til að skrifa hnitmiðaðan,vandaðan og læsilegan texta
- Gott vald á Word og Excel og hæfileiki til að tileinka sér ný tölvukerfi
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

**Frekari upplýsingar**
Sótt skal um starfið í gegnum Starfatorg.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna. Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu.
Umsókn getur gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá , kynningarbréf, staðfest prófskírteini og upplýsingar um umsagnaraðila. Miðað er við að viðkomandi hefji störf í ágúst 2017. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar.

Starfshlutfall er 100%.
**Umsóknarfrestur er til og með 15.05.2017**
Nánari upplýsingar veitir Þórir Óskarsson - thorir@rikisend.is

*Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hefur eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Hún gerir grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar og úttekta í skýrslum sem sendar eru Alþingi og birtar opinberlega. Ríkisendurskoðandi ræður starfsfólk stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun er til húsa í Bríetartúni 7, 105 Reykjavík. Starfsmenn eru samtals 48.*

Sjá nánar: www.rikisendurskodun.is



# Markaðsstofa Verkís

Markaðsstofa leitar eftir starfsmönnum til starfa í kynningarmál og við tilboðsgerð. Um er að ræða fjölbreytt og áhugaverð störf sem reyna á skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.

**Starfsmaður í tilboðsteymi**
Starfið felst í því að hafa umsjón með og ritstýra tilboðsgerð hjá Verkís m.a. með því að fylgjast með tilboðsbönkum, afla viðeigandi gagna og hafa samskipti við samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í raunvísindum eða viðskiptafræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli, helst norsku
- Góð skipulagsfærni

**Starfsmaður í kynningarmál** *(Tímabundin ráðning til eins árs)*
Starfið felst m.a. í að skrifa greinar og vinna með efni fyrir vef- og samfélagsmiðla, vinna að gerð kynningarefnis og að hafa umsjón með kynningarviðburðum á vegum Verkís.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála, viðskipta eða almannatengsla
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð þekking á Powerpoint og Photoshop
- Reynsla af notkun vefumsjónarkerfa

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 350 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí n.k.

**Nánari upplýsingar veitir**
*Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála, aoa@verkis.is*

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA
Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

SAMSKIP



# > Þjónusturáðgjafi í þjónustudeild

**Samskip leita að áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmanni til að veita viðskiptavinum félagsins þjónustu og ráðgjöf um flutninga og flutningatengda þætti.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun eða önnur sambærileg menntun
- Góð tölvuþekking
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Eiginleikar**
- Rík þjónustulund, jákvæðni og fáguð framkoma
- Afburða samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, metnaður og framsýni til að ná árangri í starfi
- Reglusemi og góð ástundum

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Samskipa **www.samskip.is** og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með **7. maí**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birna Ragnarsdóttir forstöðumaður þjónustudeildar í netfangið g.birna.ragnarsdottir@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM79229

# SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA

## LISTAHÁSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR HÁSKÓLAKENNARA Í GRAFÍSKRI HÖNNUN

Starf háskólakennara hjá Listaháskóla Íslands felur í sér kennslu, rannsóknir og stefnumótun. Háskólakennarar taka virkan þátt í uppbyggingu viðkomandi deildar undir stjórn deildarforseta og eru þátttakendur í því fræða- og fagsamfélagi sem skólinn byggir upp.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á lhi.is/log-og-reglur.

**Hönnunar- og arkitektúrdeild**
Staða háskólakennara í grafískri hönnun á bakkalárstigi. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, hæfiskröfur, umsóknargögn ofl er að finna á lhi.is/laus-storf

**Ráðið er í starfið frá 1. ágúst 2017**
Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu skólans Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en 17. maí 2017 kl. 15. Upplýsingar um starfið veitir deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

**Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðasviðinu listir.**
Skólinn starfar í fimm deildum, myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru fjórar við Þverholt, Sölvhólsgötu, Austurstræti og Laugarnesveg í Reykjavík.

Aðalskrifstofan í Þverholti 11 er opin alla virka daga kl. 9–15.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

---

H·H BYGGINGAR

## Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra byggingarsvæði.
Æskilegt er að viðkomandi sé iðnmeistari eða með tæknimentun og reynslu af stjórnun vinnusvæðis.

## Verkstjóri

Við leitum að duglegum einstaklingi til vinna við verstjórn á byggingarsvæði.
Farið er fram á reynslu af verkstjórn í byggingarvinnu.

## Smiðir

Leitum að duglegum smiðum til margskonar verkefna í mælingu.
Næg verkefni.

**Upplýsingar veitir Reynir í síma 696 0199.**

---

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

---

## Snyrtistofan Guinot MC óskar eftir snyrtifræðingum

**Við leitum að faglegum og metnaðarfullum nema, sveini og meistara til framtíðarstarfa.**

Starfið felur í sér að veita Guinot snyrtimeðferðir, almennar snyrtimeðferðir sem stofan býður uppá ásamt ráðgjöf og sölu á Guinot húðsnyrtivörum.

Möguleiki er á 50%, 70% eða 100% starfshlutfalli.

Við leggjum áherslu á að starfsmenn vinni sem ein heild, sýni ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við ný og krefjandi verkefni. Guinot MC snyrtistofan sérhæfir sig í andlitsmeðferðum og vörum frá Guinot og hefur verið starfrækt i 30 ár.

**Hæfniskröfur:**

- Snyrtifræðimenntun
- Rík þjónustulund
- Góð tungumálakunnátta – íslenska
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Fagleg vinnubrögð

**Umsækjendur er beðnir um að senda ferilskrá og kynningarbréf fyrir 7. maí á netfangið katrin@guinot.is**

GUINOT MC

---

## Skólastjóri Barnaskólanum í Reykjavík - Ert þú tilbúin/n?

Í dag er laus staða skólastjóra Barnaskólans í Reykjavík. Gleði, kærleikur og sköpun einkennir menningu og andrúmsloft Barnaskólans. Skólastjórastarfið er skemmtilegt, fjölbreytt og þroskandi. Í hverjum skóla Hjallastefnunnar ber skólastjóri ábyrgð á fjórum viðmiðum sem einkenna okkur, þessi viðmið eru:

- Gæði í fagstarfi — fagstarfið í Barnaskólanum er framúrskarandi
- Starfsánægja starfsfólkstarfs, ánægja mælist mjög mikil á ári hverju
- Ánægja foreldra — skiptir sköpum og mælist í toppi árlega
- Góður rekstur

***Í Barnaskólanum í Reykjavík er frábært samstarfsfólk, stórkostleg börn og góðir foreldrar.***

**Hæfniskröfur**

- Réttindi sem grunnskólakennari
- Stjórnunarreynsla er mikilvæg
- Áhugi á hugmyndafræði Hjallastefnunnar og vilji til þess að tileinka sér nýjar starfsaðferðir

Umsóknir berast á Margréti Pálu, mpo@hjalli.is og Þórdísi, thordis@hjalli.is en þangað má einnig senda inn fyrirspurnir um starfið. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf á þér og hverjar þínar áherslur verða í nýju starfi. **Umsóknarfrestur er til 10. maí.**

# FASTEIGNASALA

Rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingu til starfa við sölumennsku og tilheyrandi skjalagerð. Einungis aðili með reynslu kemur til greina. Góð starfsaðstaða og árangurstengd laun í boði.

Áhugasamir sendi umsókn á box@frett.is merkt Fasteignasala-2904 **fyrir 4. mai.2017.**

S. Gunnbjörnsson ehf
heildverslun

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessu starfi. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.
Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.
**Umsóknir óskast sendar á sgunnbj@simnet.is**




## VIÐGERÐARMENN

Við leitum að starfskröftum með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða.

## MECHANICS

We seek to employ mechanics with experience and good qualifications to work on machinery repairs.

Umsóknir sendist á **hg@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **12. maí 2017.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhellu 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is




## Leikskólakennarar og fólk með aðra menntun óskast til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar

Við leitum eftir skapandi og áhugasömu fólki með margvíslega menntun, reynslu og þekkingu sem hefur áhuga á að vinna með ungum börnum. Leikskólalífið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi og enginn dagur er eins en á hverjum degi getum við sameinast um að gera heiminn betri fyrir ung börn

Í leikskólum borgarinnar leika og læra börn á aldrinum 1 – 6 ára. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er dýrmætur grunnur lagður að þekkingu og þroska barna. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

**Sæktu um á www.rvk.is/storf**

www.reykjavik.is




# Skólastjóri við Grunnskólann á Tálknafirði,

## Hjallastefnuskóla þar sem leik- og grunnskólabörn starfa saman í einstakri náttúruparadís. Ert þú tilbúin/n?

Í dag er laus staða skólastjóra á Tálknafirði. Jafnrétti, sköpun og lýðræði eru kjarnaþættir skólastarfsins með einstakri gleði og kærleika sem einkenna menningu og andrúmsloft skólans. Skólastjórastarfið er skemmtilegt, fjölbreytt og þroskandi.
Í hverjum skóla Hjallastefnunnar ber skólastjóri ábyrgð á fjórum viðmiðum sem einkenna okkur, þessi viðmið eru:

- Gæði í fagstarfi — fagstarfið er í stöðugri og spennandi þróun.
- Starfsánægja starfsfólks - mælist mikil í fámennum en samstilltum hópi kennara og nemenda.
- Ánægja foreldra — nálægð í litlu samfélagi gefur skólastjóra frábær tækifæri til mikillar foreldrasamvinnu
- Góður rekstur - samkvæmt þjónustusamningi milli Tálknafjarðar og Hjallastefnunnar.

**Hæfniskröfur**

- Réttindi sem grunnskólakennari
- Stjórnunarreynsla er mikilvæg
- Áhugi á hugmyndafræði Hjallastefnunnar og vilji til þess að tileinka sér nýjar starfsaðferðir

Umsóknir berast á Margréti Pálu, mpo@hjalli.is og Þórdísi, thordis@hjalli.is en þangað má einnig senda inn fyrirspurnir um starfið. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf á þér og hverjar þínar áherslur verða í nýju starfi. **Umsóknarfrestur er til 10. maí.**

KERECIS

Kerecis er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á vefjaskaða í mönnum t.d. á þrálátum sárum og bruna. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum. Kerecis rekur starfsstöðvar á Ísafirði, Reykjavík og á Washington DC svæðinu í Bandaríkjunum.

## Fulltrúi

Starfið snýr að bókun, afstemmingu og skýrslugerð fyrir Kerecis á Íslandi og í Bandaríkjunum.

**Helstu verkefni:**
- Bókhald, afstemmingar og innheimta
- Skýrslugerð
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og reynsla:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð færni í tölvunotkun

**Við leitum að einstaklingi sem:**
- Er nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum
- Sveigjanlegur vinnutími í boði
- Býr að góðum samskiptahæfileikum
- Getur hafið störf fljótt

Um er að ræða hálft starf, staðsett á Ísafirði.

## Skráningarsérfræðingur (Regulatory Officer)

Sérfræðingurinn vinnur að skráningum á lækningavörum Kerecis. Bæði frumskráningum hjá FDA og skv. CE regluverki Evrópusambandsins og jafnframt hjá skráningaryfirvöldum í öðrum löndum þar sem oft er byggt á samþykki frá FDA eða CE merkingu.

**Helstu verkefni:**
- Greining á skráningarkröfum fyrir nýjar vörur
- Vinna með þróunarteymum í framleiðslu prófunargagna
- Samsetning skráningargagna og textagerð
- Samskipti við skráningaryfirvöld

**Menntun og reynsla:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla í lyfjaskráningum og textagerð
- Afburðar enskukunnátta. Færni í öðrum tungumálum kostur.

**Við leitum að einstaklingi sem hefur í fyrri störfum:**
- Verið nákvæmur í vinnubrögðum
- Átt auðvelt með að forgangsraða
- Sýnt hæfilæka í teymisvinnu

Vinnustaður er starfsstöð félagsins á Ísafirði.

www.kerecis.com Fyrirspurnir og umsóknir sendist til hr@kerecis.com fyrir 5. maí nk.



## Sölumaður óskast

Við leitum að framsæknum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sölumanns.

Vinnutími er frá kl. 9 – 18 alla virka daga og annan hvern laugardag frá kl. 11 – 15 (1. sept - 1. júní)

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölustörfum
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund
- Metnaður og jákvæðni
- Skipulagður

Um framtíðarstarf er að ræða

Umsóknir um menntun og fyrri störf berist: elias@pog.is
Öllum umsóknum verður svarað

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2017

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili

## Þörungaverksmiðjan óskar að ráða fólk til verksmiðjustarfa

Unnið er á vöktum við framleiðslu á lífrænt vottuðu mjöli.
Gerðar eru strangar kröfur um öryggi og gæði.
Réttindi og hæfni til að nota vinnuvélar eru kostur.

Störfin geta hentað hvort sem er konum eða körlum á öllum aldri.
Hafið samband við Hlyn í síma 834 3289 eða sendið okkur línu á info@thorverk.is

**Um Þörungaverksmiðjuna**
Þörungaverksmiðjan rekur þurrkverksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki.
Bæði framleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun.
Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fóðurbæti, áburði og fleiru.

# Fræðslufulltrúi Krabbameinsfélagsins

**Við leitum að metnaðarfullum og frumlegum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af fræðslu- og heilbrigðismálum. Starfið er mjög fjölbreytt, gefandi og skemmtilegt.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með fræðsluefni, námskeiðum og fræðslu á heimasíðu
- Virk þátttaka í miðlun fræðslu
- Stefnumótun í fræðslumálum í samstarfi við fræðsluráð
- Námskeið fyrir aðildarfélög og aðra
- Þátttaka í átaksverkefnum eins og Mottumars og Bleiku slaufunni

Krafist er meistaragráðu á sviði lýðheilsufræða. Góð hæfni til að tjá sig í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku. Við leggjum áherslu á hæfni í samskiptum og teymisvinnu.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Sturluson framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, kristjan@krabb.is.

**Um er að ræða 75% starf. Umsóknir sem tilgreini menntun og fyrri störf ásamt greinargerð um hæfni og ástæður fyrir umsókn sendist á krabb@krabb.is.**

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 11. maí.

www.krabb.is

Krabbameinsfélagið

HVALFJARÐAR SVEIT

## Spennandi störf í Hvalfjarðarsveit

### Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

### Aðstoðarskólastjórar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er starfræktur á tveimur starfsstöðvum í sveitarfélaginu, Heiðarskóli við Leirá og Skýjaborg í Melahverfi.

Hvalfjarðarsveit óskar eftir að ráða aðstoðarskólastjóra í Skýjaborg og aðstoðarskólastjóra í Heiðarskóla. Umsóknarfrestur um störfin er til og með 12. maí nk. Nánari upplýsingar um helstu verkefni, ábyrgð, hæfniskröfur, umsóknarfyrirkomulag o.fl. er að finna á http://www.hvalfjardarsveit.is.

**Eftirtalin störf eru einnig laus til umsóknar:**
- **Deildarstjóri og leikskólakennari á leikskólasvið.**
- **Tónmennta- og leiklistarkennari á grunnskólasvið.**
- **Iðjuþjálfi / þroskaþjálfi á leik- og grunnskólasvið.**

*Nánari upplýsingar um helstu verkefni, ábyrgð, hæfniskröfur, umsóknarfyrirkomulag o.fl. er að finna á http://www.hvalfjardarsveit.is.*

## Vélgæslumaður

FISK Seafood ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til vélgæslu hjá landvinnslu fyrirtækisins á Sauðárkróki.

Í starfinu felst m.a. almenn vélgæsla, yfirumsjón með keyrslu frystivéla, umsjón hússtjórnarkerfis, umsjón með viðhaldi og viðgerðum í landvinnslu fyrirtækisins .

FISK Seafood ehf. rekur öfluga landvinnslu á Sauðárkróki, sem er í mikilli þróun og því um spennandi starf að ræða.

**Skriflegar umsóknir skal senda til framkvæmdastjóra FISK , Jóns E. Friðrikssonar , Háeyri 1, 550 Sauðárkróki og skulu hafa borist fyrir 1.maí n.k.**

FISK SEAFOOD

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Umsjónarkennari á miðstig
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Hofsstaðaskóli**
- Umsjónarkennari í 1. - 4. bekk
- Stuðningsfulltrúi fyrir skólaárið 2017 – 2018

**Sjálandsskóli**
- Sérkennari fyrir skólaárið 2017 - 2018
- Stuðningsfulltrúi

**Bæjarból**
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi

**Kirkjuból**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Grænatún

Grænatún er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja um 65 börn. Leikskólinn er í nálægð við Fossvogsdal sem býður upp á skemmtilega útivist allt árið. Helstu áherslur eru virkt nám barnsins þannig að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálft.
Leikurinn er þungamiðjan en einnig er rík áhersla lögð á hinar daglegu þarfir. Þá er unnið markvisst með vináttu, hreyfingu, læsi og stærðfræði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða leikskólafræðum æskileg
- Reynsla af starfi í leikskóla skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Forystuhæfileikar og góð samskiptahæfni skilyrði
- Góð tölvukunnátta

**Frekari upplýsingar**
Um er að ræða fullt starf og er æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Kópavogs þurfa að skila sakavottorði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Ólafsdóttir leikskólastjóri **sigridurola@kopavogur.is** og sími: 8917888.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2017.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

# Spennandi störf í Strandabyggð

## Starf á skrifstofu

**Markmið og verkefni**
- Símavarsla og móttaka og upplýsingagjöf
- Vinnsla í bókhaldi, reikningagerð og innheimta
- Launavinnsla
- Umsjón með vef
- Skjalavarsla og skipulag

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi eða starfsreynslu sem vega má að jöfnu
- Góð samskiptafærni, skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og jákvætt hugarfar
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem skipulagðir og töluglöggir einstaklingar með góða samskiptafærni ættu að blómstra.

## Tómstundafulltrúi

**Markmið og verkefni**
- Umsjón og stefnumótun á sviði tómstunda-, íþrótta- og menningarmála
- Hefur umsjón með og leiðir starf ungs fólks í sveitarfélaginu
- Stuðningur við félagasamtök varðandi skipulag og stjórnun
- Samningagerð
- Verkefna- og viðburðastjórnun

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem skapandi og skiplagðir einstaklingar sem hafa unun að samskiptum og samstarfi við ungt fólk ættu að blómstra.

## Þjónustumiðstöð

**Markmið og verkefni**
- Umhirða og minniháttar viðhald eigna sveitarfélagsins
- Viðhald veitna, gatna, snjómokstur ofl.
- Vinna við vigtun sjávarafla á Hafnarvog.
- Verkstjórn sumarstarfsmanna og vinnuskóla

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Iðnmenntun eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og verkstjórn.
- Kostur að búa yfir reynslu af jarðvinnu, hafa suðuréttindi og vinnuvélaréttindi
- Góð samskiptafærni, jákvætt hugarfar og frumkvæði
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem kraftmiklir og úrræðagóðir einstaklingar sem hafa ánægju af samskiptum ættu að blómstra.

## Leikskólakennari

**Markmið og verkefni**
- Vinna að uppeldi og menntun barna ásamt því að sinna velferð og aðhlynningu
- Almennt leikskólastarf og faglegt starf á deild
- Önnur störf sem falla að starfi leikskólakennara

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Leikskólakennararéttindi
- Brennandi áhugi á starfi með börnum
- Frumkvæði, góð samskiptafærni jákvætt hugarfar
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Einstaklingar sem hafa ánægju af vinnu með börnum og ánægju af góðum samskiptum ættu að blómstra á þessum góða vinnustað.

**Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er til 10. maí og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hólmavík eða á netfangið strandabyggd@strandabyggd.is merktar því starfi sem sótt er um. Nánari upplýsingar um störfin og sveitarfélagið er að finna á vefsíðunni www.strandabyggd.is.**

**Íbúar Strandabyggðar eru rétt innan við 500 og er Hólmavík þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Atvinnulífið er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Félagsstarf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og þar er hugað að því að allir aldurshópar fái notið sín til fullnustu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og menningarlíf er kraftmikið og fjörugt allt árið um kring.**



## MARKAÐS- OG SÖLUSTARF HJÁ PROACT

**Við leitum að hressum aðila í markaðs- og söluteymið okkar.**

Um er að ræða 60% hlutastarf.

Við erum að leita að aðila með hársnyrtimenntun, glaðlegt og hresst viðmót, sjálfstæð vinnubrögð, góða almenna tölvukunnáttu og góða þekkingu á samfélagsmiðlunum.

Starfið snýr að markaðssetningu og sölu á hársnyrtivörum undir vörumerkjum Matrix, Joico, Kérastase og Loreal Professionnel.

Starfið snýst að miklu leiti um samskipti við hársnyrtistofur, söluheimsóknir og ráðgjöf um notkun á vörum okkar og almenna kynningu á þeim á samfélagsmiðlunum.

**Umsóknir með ferilskrá og frekari fyrirspurnir sendist á proact@proact.is fyrir 7. maí.**

Proact

Proact er heildverslun sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur auk nokkurra annarra vöruflokka. Helstu vörumerki eru Matrix, Loreal Professionnel, Joico, Kérastase, Comfort Zone, Lycon.

## Starfsmaður óskast

**Leigutekjur vantar hörkuduglegan og hressan einstakling.**

Starfið er fjölbreytt og felur í sér samskipti við ferðamenn, skipulagningu dagsverka, þrif og önnur tilfallandi störf.

Til að byrja með er um að ræða 30% - 50% starf.
Sveigjanlegur vinnutími, hentar vel með skóla.

**Tekið verður við umsóknum til 5. maí.**
Umsóknir sendist, með ferilskrá á leigutekjur@leigutekjur.is

ACE FBO

## Rekstrarstjóri

**ACE FBO óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan aðila í starf rekstrarstjóra á Reykjavíkurflugvelli.**

Starfið felur í sér móttöku og umsjón á einkavélum samskiptum við viðskiptavini og starfsfólk, áætlunargerðir og vaktaskrár og önnur tilfallandi verkefni.

Umsækjendur þurfa að hafa framúrskarandi enskukunnáttu og samskiptahæfni. Menntun í viðskiptafræði og reynsla í flugheiminum er kostur. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsókn skal senda á netfangið: jobs@acefbo.com merkt RVK.
**Umsóknarfrestur til 10.maí 2017**

## VIÐ VITUM HVAÐ **FÓLKIÐ OKKAR** SKIPTIR MIKLU MÁLI

VÍS leitar að metnaðarfullu, framsýnu og hugmyndaríku fólki í öflugt og samhent teymi starfsmanna í þjónustu- og markaðsdeild.

### ▸ Samskiptastjóri

Samskiptastjóri vinnur náið með stjórnendum félagsins við mótun og innleiðingu samskiptastefnu og uppbyggingu fjárfestatengsla. Samskiptastjóri ber einnig ábyrgð á framfylgd samfélagsstefnu félagsins.

VÍS leitar að reynslumiklum aðila til að stýra miðlun upplýsinga til fjölmiðla og markaðsaðila.

### ▸ Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu

Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu ber ábyrgð á efnismarkaðssetningu, samfélagsmiðlum og tekur þátt í mótun stefnu og aðgerðaráætlanar í samfélagsmiðlun. Sérfræðingurinn ber einnig ábyrgð á sýnileika vörumerkisins á leitarvélum og heldur utan um mælingar á árangri markaðsstarfs á netinu.

Við leitum að hugmyndaríkum og framsæknum aðila til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni í stafrænu umhverfi.

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á vis.is. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um störfin.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veitir Guðný Helga Herbertsdóttir markaðsstjóri VÍS, gudnyhh@vis.is

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennarar í Efstahjalla
- Leikskólakennari í Kópastein
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennarar í Sólhvörf

**Grunnskólar**

- Aðstoðarforstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla
- Sérkennari á unglingastig í Hörðuvallaskóla
- Náttúrufræðikennari í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Kársnesskóla
- Dönskukennari í Kópavogsskóla
- Kennarar á miðstig í Lindaskóla
- Kennarar á yngsta stig og miðstig í Smáraskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Snælandsskóla

**Velferðasvið**

- Stuðningsaðili í liðveislu, tilsjón og ráðgjöf
- Starfsmenn á heimili fatlaðs fólks

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-1287



# Viltu ganga til liðs við **Valitor?**

## Hópstjóri umsóknarteymis

Hjá Valitor er laust til umsóknar starf hópstjóra umsóknarteymis á rekstrarsviði.

Helstu verkefni umsóknarteymisins eru að framkvæma áreiðanleikakannanir og áhættumat á viðskiptavinum og samstarfsaðilum Valitor hérlendis og erlendis.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

// Yfirumsjón með daglegum störfum teymisins
// Vinna að stöðugum umbótum á vinnubrögðum og verkferlum
// Skipulag og bestun er varðar gæði, verkefni og stefnumótun
// Vinnsla, greining og framsetning upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

// Háskólamenntun sem nýtist í starfi
// Leiðtogahæfileikar og stefnumótandi hugsun
// Reynsla og árangur í stjórnun
// Gott vald á ensku og íslensku
// Færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
// Þekking/reynsla af Lean hugmyndafræði

Nánari upplýsingar er að finna á www.valitor.is og umsóknir óskast fylltar út þar.

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **7. maí 2017.**

Frekari upplýsingar um starfið veitir Birgit Jóhannsdóttir, deildarstjóri viðskiptareksturs, sími 525 2000.

**Valitor** er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

Reykjavíkurborg
Rafræn þjónustumiðstöð

# Verkefnastjóri vefþróunar

**Viltu taka þátt í að endurmóta rafræna þjónustu Reykjavíkurborgar?**
Óskað er eftir öflugum verkefnastjóra vefþróunar í Rafræna þjónustumiðstöð. Framundan eru fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir ýmsar starfseiningar borgarinnar.
Rafræn þjónustumiðstöð var sett á laggirnar í byrjun árs og hlutverk hennar er meðal annars að færa þjónustu borgarinnar nær notendum, auka sjálfsafgreiðslu í gegnum vefviðmót, móta vefstefnu og vera leiðandi í vef- og tækninýjungum og koma Reykjavíkurborg í fremstu röð á ný á sviði opinberra veflausna. Hjá Rafrænni þjónustumiðstöð starfar metnaðarfullt og líflegt teymi sem leitar að einföldum lausnum við flóknum vandamálum.

**Helstu verkefni:**
- Almenn þróun og umsjón með vef borgarinnar
- Smíði og þróun vefja og veflausna borgarinnar
- Þjónusta og stuðningur við notendur vefkerfis
- Þátttaka í samstarfsverkefnum innan og utan borgarkerfis
- Nýsköpun og nýmiðlun

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi. T.d. á sviði veflausna, forritunar eða vefhönnunar.
- Reynsla af vefumsýslu eða vefstjórn.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Agile reynsla mikill kostur.
- Reynsla af html eða CSS vinnu mikill kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku.
- Skipulag í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2017.**

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf**

**Nánari upplýsingar veitir Þröstur Sigurðsson, deildarstjóri Rafrænnar þjónustumiðstöðvar.**
**Netfang: throstur.sigurdsson@reykjavik.is.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Matreiðslumaður/meistari

Furðufiskar ehf. eru með eftirfarandi vörumerki:

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA · shape · MATURINN · SPÍRAN (Handgert og heiðarlegt · Borðum vel · Bistro · Garðheimum · Mjódd)

**Um er að ræða 100% starf**
aðallega dagvinna

**Menntun og hæfni**
Sveinspróf í matreiðslu

**Umsóknir sendist á:**
runar@kokkarnir.is
fyrir 10. maí

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Umsjón með eldhúsi Spírunnar
- Vaktaábyrgð í aðaleldhúsi aðra hverja helgi
- Góð þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

www.kokkarnir.is www.shape.is www.maturinn.is www.spiran.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur, fjármál og stefnum. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201704/832 |
| Sérfræðingur, rafræn þjónusta | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/831 |
| Sérfræðingur, rekstrargreining | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/830 |
| Sérfræðingur, gagnagreining | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/829 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201704/828 |
| Verkefnastjóri | Utanríkisráðuneytið | Malaví | 201704/827 |
| Konrektor/aðstoðarskólameistari | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201704/826 |
| Sjúkraliði | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201704/825 |
| Verkefnastjóri | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjanesbær | 201704/824 |
| Fulltrúi í þjálfunar- og gæðamálum | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjanesbær | 201704/823 |
| Gagnafulltrúi | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjanesbær | 201704/822 |
| Sérfræðingur í tölvudeild | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201704/821 |
| Sérfræðilæknir | Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæsl. | Reykjavík | 201704/820 |
| Gagnagrunnsstjóri | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201704/819 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201704/818 |
| Almennur læknir | Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæsl. | Reykjavík | 201704/817 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201704/816 |
| Hjúkrunarfræðingar/-nemar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201704/815 |
| Doktorsnemi í líffræði | Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvís. | Reykjavík | 201704/814 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201704/813 |
| Framhaldsskólakennarar | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201704/812 |
| Starfsmenn í ræstingu | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201704/811 |
| Bókasafns- og upplýsingafr. | Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn | Reykjavík | 201704/810 |
| Starfsmaður | Þjóðskjalasafn Íslands | Reykjavík | 201704/809 |
| Ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201704/808 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201704/807 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðaöldrunardeild | Reykjavík | 201704/806 |
| Yfirlæknir | Landspítali, svæfinga- og gjörgæslul. | Reykjavík | 201704/805 |
| Sérfræðingur | Fjársýsla ríkisins, fjárreiðusvið | Reykjavík | 201704/804 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201704/803 |
| Eftirlit með velferð dýra | Matvælastofnun | Egilsstaðir | 201704/802 |
| Bókasafns- og upplýsingafr. | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/801 |
| Læknaritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201704/800 |
| Deildarlæknir | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201704/799 |
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, kvenna- og barnasvið | Reykjavík | 201704/798 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, starfsþróunarmisseri LSH | Reykjavík | 201704/797 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, útskriftardeild aldraðra | Reykjavík | 201704/796 |
| Lyfjafræðingur | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201704/795 |
| Lyfjatæknir | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201704/794 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Höfn | 201704/793 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Kirkjubæjarkl. | 201704/792 |
| Sjúkraliði | Landspítali, gjörgæsla og vöknun | Reykjavík | 201704/791 |
| Framhaldsskólakennari, íslenska | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | Garðabær | 201704/790 |
| Aðhlynning, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201704/789 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201704/788 |
| Framhaldsskólakennarar | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201704/787 |
| Sérfræðingur á stjórnsýslusviði | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201704/786 |
| Framhaldsskólakennarar, rafiðn | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201704/785 |

rafsveinn

**Rafsveinn ehf óskar að ráða rafvirkja / nema í vinnu.**

**Næg verkefni framundan.**
**Allar upplýsingar í síma 660-4545 Sveinn,**
**Einnig hægt að senda umsókn og ferilskrá á netfangið rafsveinn@rafsveinn.is**

MODULUS

## Okkur vantar
## Skrifstofustjóra

Modulus er ungt og framsækið fyrirtæki sem leitar að öflugum starfsmanni til að ganga til liðs við okkur í þeim spennandi verkefnum sem framundan eru. Við leitum að starfsmanni sem er kraftmikill, hress og skemmtilegur, hefur metnað til að takast á við spennandi verkefni og getur tekið frumkvæði.

### Starfslýsing

- Umsjón með starfsmannamálum, t.d. skipulagning viðburða fyrir fyrirtækið og móttaka viðskiptavina.
- Umsjón með reikningagerð.
- Almennt bókhald, skjalavarsla og launavinnsla.
- Daglegur rekstur skrifstofu.

### Hæfniskröfur

- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Frumkvæði í starfi ásamt hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Skipulag og nákvæm vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni og jákvætt viðmót.
- Góð fjármálaþekking er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí næstkomandi.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn á modulus@modulus.is

Kleppur / VISKA

# Sérfræðingar í ráðningum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

VAKA

## Vaka hf. óskar eftir sumarstarfsmanni

**Bílstjóri**

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst
